

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b
105 Reykjavík



15. febrúar 2023
Vík í Mýrdal

Efni: Umsögn Mýrdalshrepps við matsálætlunina vegna efnistöku og forvinnslu á sandi í Höfðafjöru á Kötlutanga sunnan Hjörleifshöfða

Með vísan í bréf Skipulagsstofnunar dags. 30. nóvember 2022 er óskað eftir umsögn Mýrdalshrepps um matsálætlunina skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og 12. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Fyrirhuguð er að taka 35.000 m³ á sandinn í fjöruborðinu syðst á Kötlutanga, sandur sem er svo skolaður og sigtaður á vinnslusvæði við Uxafótarlæk áður en hann fluttur landleiðis til Þorlákshafnar og áfram til Þýskalands þar sem hann verður notaður í sandblástur.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps mælist til þess að matsálætlunin taki mið af skilmálum í auglýstu endurskoðuðu aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033, m.t.t. til stærðar fyrirhugaðrar námu og vinnslutíma. Skv. matsálætluninni þverar akstursleið einkaland frá efnistökusvæði um Mýrdalssand að þjóðvegi. Liggja þarf fyrir samkomulag við hlutaðeigandi áður en akstursleiðin verður skilgreind með þessu móti. Enn fremur mælist ráðið til þess að aðkoma af þjóðvegi 1 að efnisvinnslusvæði við Uxafótarlæk verði skoðuð í samráði við Vegagerðina til þess að gætt verði að umferðaröryggi.

Virðingarfyllst,

Einar Freyr Elínarson

Sveitarstjóri Mýrdalshrepps



Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 09.01.2023
MFRI: 2022-12-0619

Efni: Efnistaka í Höfðafjöru - matsáætlun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 30. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna matsáætlunar um ofangreinda framkvæmd. Skipulagsstofnun óskar eftir því að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um meðfylgjandi matsáætlun framkvæmdarinnar skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Hafrannsóknastofnun hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggist vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum Hafrannsóknastofnun telji að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar.

Lava Concept Iceland hyggur á efnistöku og forvinnslu á sandi í Höfðafjöru á Kötlutanga sunnan Hjörleifshöfða og er fyrirhugað að taka um 35.000 m³ (50.000 tonn) á ári næstu 15 árin eða 525.000 m³ - 850.000 m³ í heildina. Sandinn á að taka í fjöruborðinu syðst á Kötlutanga. Framkvæmdaraðili telur að holur sem myndast við efnistöku fyllist fljótt upp eftir efnistöku. Í heildina er efnistökusvæðið um 30 ha, en unnið verður á hluta svæðisins hverju sinni.

Sá hluti framkvæmdarinnar sem tengist starfssviði Hafrannsóknastofnunar er fjaran og lífríki hennar. Ekki er tilgreint hvort rannsaka eigi eða leita að fyrirliggjandi þekkingu um lífríki fjörunnar sem mun raskast. Hafrannsóknastofnun bendir á að á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands¹ er fjallað um sandfjörur og vísað í heimildir sem Náttúrufræðistofnunin byggir umfjöllun sína á. Þessi umfjöllun og heimildir hennar gætu komið að gagni við mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt mynd 3.6. er eins og efnistakan fari ekki fram úr sjónum heldur á landi. Þó er fjallað er um að efnistakan verði í fjöruborðinu í texta matsáætlunarinnar. Mikilvægt er að það sé skilgreint hversu langt út í sjó grafið verður eftir efni ef það er ætlunin. Þekkt er að loðna hrygni grunnt við fjöruborðið í sandfjörum á suðurlandi og að búsvæði fiska eins og sandsílis og

¹ <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/fjara/brimasamar-sandfjorur>

uppeldissvæði flatfiska eru í fjörum sem þessari. Sé ætlunin að taka efni úr sjó þarf að kanna möguleg áhrif af framkvæmdinni á hrygningu og afkomu þessara fiska.

Strandrof er nú þegar vandamál við Vík og er fjöruborðið sífellt að færast norður nær Þjóðveginum og Þorpinu. Í matsáætluninni er talið að áhrif efnistökkunnar séu hverfandi og að holurnar í ströndinni fyllist fljótlega á ný. Ef efnistakan er í sjó má það vera en skv. mynd 3.6. í matsáætlun virðist efnistakan vera á landi. Sýna þarf fram á hvort og þá hvernig strandrof verður vegna framkvæmdarinnar.

Þó efnið í Kötlutanga komi aðallega frá Kötlugosinu 1918 má benda á að flest af efninu við Suðurströndina berst þangað með jökulám. Mögulega minnkar standflutningur til stranda með hörfun jökla og myndun lóna. Því gæti strandrof orðið enn meira þegar fram í horfir en nú er og því mikilvægt að meta umfang þess sé verið að nýta efni úr fjörum.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Rakel Guðmundsdóttir

Rakel Guðmundsdóttir

**Skipulagsstofnun**

Borgartún 7b

105 Reykjavík

skipulag@skipulag.is

Jakob Gunnarsson

Svið umhverfismats

jakob.gunnarsson@skipulag.is**Efni: Efnistaka í Höfðafjöru. Tillaga að matsáætlun**

Vegagerðin hefur farið yfir tillögu að matsáætlun dags. 30. nóv 2022.

Vegagerðin óskar eftir upplýsingum um tengingar vegslóða við Miðkvísl við Þjóðveg 1 m.t.t. aukinnar þungaumferðar. Einnig óskar Vegagerðin eftir upplýsingum um tengingar við lagersvæði við Þorlákshöfn.

Vegagerðin óskar eftir að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum hönnunar.

Virðingarfyllt

f.h. Vegagerðarinnar

Rannveig María Jóhannesdóttir

Landfræðingur

Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is



**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Selfossi, 5. janúar 2023
2211111HS SHJ

Efni: Efnistaka í Höfðafjöru - umsögn um matsáætlun

Þann 29. nóvember 2022 móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðar efnistöku í Höfðafjöru í Mýrdalshreppi.

Um er að ræða efnistöku og forvinnslu á sandi í Höfðafjöru á Köt lutanga sunnan Hjörleifshöfða. Gert er ráð fyrir að taka um 35.000 m³ af sandi úr fjörunni árlega næstu 15 árin, alls um 525.000 m³, en í mati á umhverfisáhrifum verður fjallað um áhrif þess að fjarlægja allt að 850.000 m³ af efni af svæðinu. Í heildina er gert ráð fyrir að raska um 30 ha svæði, en einungis er unnið á litlum hluta svæðisins í einu. Skv. matsáætlun verður efnið tekið úr fjöruborðinu, því mokað beint á flutningabíla og flutt á vinnslusvæði við Uxafótarlæk þar sem það er grófharpað, sigtað og skolað áður en það er flutt á geymslusvæði í gamalli grjótnámu í landi Hrauns í Ölfusi um 5 km frá útskipunarstað í Þorlákshöfn.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu að matáætlun fyrir téða framkvæmd og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Í matsáætluninni er ekki gert ráð fyrir umfjöllun um vinnslusvæði efnisins við Uxafótarlæk, en að mati HSL er nauðsynlegt að fjalla um vinnslusvæðið í umhverfismati framkvæmdarinnar þar sem það er mikilvægur hluti hennar, þ.m.t. val á staðsetningu, magn efnis til vinnslu á hverjum tíma, magn haugsetts efnis sem bíður flutnings til geymslusvæðis/útskipunarhafnar á hverjum tíma, ráðstafanir til að lágmarka hættu á foki úr efnishaugum, áhrif á hljóðvist og loftgæði í nágrenni vinnslusvæðisins o.fl.
2. Í matsáætluninni er ekki gert ráð fyrir umfjöllun um geymslusvæði í landi Hrauns í Ölfusi, en að mati HSL er nauðsynlegt að fjalla um geymslusvæðið í umhverfismati framkvæmdarinnar þar sem geymslusvæðið er mikilvægur hluti hennar, þ.m.t. hversu mikið magn efnis verður geymt þar á hverjum tíma, ráðstafanir til að lágmarka hættu á foki úr efnishaugum, áhrif á hljóðvist, loftgæði o.fl.



3. Í áætluninni er gert ráð fyrir að umfjöllun um áhrif sandflutninga frá efnistökusvæðinu að Þorlákshöfn taki aðeins til 6 ferða daglega á dagvinnutíma 300 daga ársins um 160 km leið. Miðað við það er ekki tekið tillit til þess að bílarnir þurfa að keyra tómir til baka og að flutingur gæti þurft að fara fram á öðrum tímum en dagvinnutíma. Þá er heldur ekki gert ráð fyrir að meta sérstaklega áhrif aksturs flutningabíla frá efnistökusvæðinu í Höfðafjöru að vinnslusvæði við Uxafótarlæk né akstur flutningabíla frá geymslusvæði í landi Hrauns í Ölfusi að útskipunarstöð í Þorlákshöfn, en miðað við það sem kemur fram í matsáætluninni má gera ráð fyrir mun fleiri ferðum á dag þær stuttu leiðir en þegar verið er að keyra efnið frá vinnslusvæðinu við Uxafótarlæk að geymslusvæðinu við Hraun. Að mati HSL þarf að gefa sérstaklega gaum samlegðaráhrifum vegna annarra efnisflutninga á Þorlákshafnarvegi á leiðinni frá Hrauni að útskipunarstað í Þorlákshöfn.

Embættið telur að tillagan geri að öðru leyti nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og þeim umhverfisþáttum og valkostum sem matið skal taka til. Þá gerir embættið ekki athugasemdir við hvernig til stendur að vinna úr gögnum til að meta umhverfisáhrif, né heldur fyrirhugaða framsetningu þeirra í frummatsskýrslu. Embættið áskilur sér hinsvegar rétt til að koma fram með ábendingar og athugasemdir á síðari stigum við meðferð málsins.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna skv. viðauka IV. með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 4. janúar 2023
MÍ202301-0018/ 6.07 / K.M.

Efni: Efnistaka í Höfðafjöru.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 30. nóv. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun vegna ofangreindrar framkvæmdar.

Fyrirtækið LavaConcept Iceland ehf hyggur á efnistöku og forvinnslu á sandi í Höfðafjöru á Kötlutanga sunnan Hjørleifshöfða. Fyrirhugað er að taka árlega um 35.000 m³ af sandi næstu 15 árin, alls um 525.000 m³. Í matsáætlun kemur fram að sandurinn verði tekinn úr fjöruborðinu og að sjórinn fylli fljótt upp í þær holur sem myndast við efnistöku, en sandurinn meðfram ströndinni er á stöðugri hreyfingu. Í heildina verður efnistökusvæðið 30 ha, en einungis verður unnið á litlum hluta þess hverju sinni.

Í kafla 4.4.6 í matsáætlun er fjallað um umhverfisþætti sem ekki verður fjallað um í umhverfismatsskýrslu. Menningarminjar eru þar á meðal. Fjallað er um fornleifar í kafla 4.4.6.3. Eins og þar segir myndaðist efnistökusvæðið með framburði Kötluhlaups árið 1918. Áður var þar sjór. Litlar sem engar líkur eru taldar á því að fornleifar finnist í fjöruborðinu sem er á stöðugri hreyfingu og undir ágangi sjávar. Framkvæmdaraðili telur því áhrif á fornminjar vera engin og telur ekki þörf á sérstakri umfjöllun um áhrif á fornleifar í umhverfismatsskýrslu. Minjastofnun fellst á þessa skoðun framkvæmdaraðilans.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Jakob Gunnarsson (jakob.gunnarsson@skipulag.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðili var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 4.1.2023
Málsnúmer: 202212-0001
SS/IAS

Efni: Umsögn um matsáætlun vegna efnistöku í Höfðafjöru.

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 30. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, um matsáætlun vegna efnistöku í Höfðafjöru, í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmd og áætlana nr. 111/2021 og 12. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og telur að í henni sé að mestu vel gert grein fyrir helstu framkvæmdaþáttum og líklegustu umhverfisáhrifum.

Vinna á sand til útflutnings úr fjöruborðinu syðst á Kötlutanga suðvestan við Hjörleifshöfða. Áætlað er að vinna 35 000 m³ á ári í 15 ár, samtals 525 000 m³. Sótt er um leyfi fyrir 850 000 m³ efnistöku ef til kæmi viðbótareftirspurn. Stærð efnistökusvæðis er 30 ha en einungis verður unnið á litlum hluta í einu, allt eftir því hvar kornastærð er hentugust hverju sinni.

Efnið verður flutt að vinnslusvæði við Uxafótarlæk þar sem sandurinn verður skolaður og sigtaður. Byggður verður upp vegslóði við Miðkvísl vestan við vegin að Hjörleifshöfða frá efnistökusvæðinu upp á þjóðveg en vegur er nú þegar frá þjóðvegi að vinnslusvæðinu við Uxafótarlæk.

Eftir vinnslu við Uxafótarlæk verður ekið með sandinn á geymslusvæði í gamalli námu í landi Hrauns en þar verður efnið geymt þar til því verður skipað út í Þorlákshöfn.

Reiknað er með sex ferðum á dag með efni þá daga sem efni verður flutt frá Uxafótarlæk.

Í viðbót við þær matsþurningar sem nefndar eru í matsáætluninni væri æskilegt að mati Náttúrufræðistofnunar að skoða hvort hætta sé á áfoki frá geymslusvæðinu í námunni við Hraun. Einnig þyrfti að skoða áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf meðfram veginum frá vinnslusvæðinu að hringveginum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

